

Fundargerð

157. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-
daginn 6. nóv. 2013 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Aðalfundur SHÍ og haustfundur, kynning.**

Skýrt var frá aðalfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi sem var haldinn að vanda í tengslum við árlegan haustfund heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík. Á aðalfundi SHÍ voru Páll Þórhallson skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti og Guðjón Bragason sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með kynningu á nýrri hugmyndafræði sem að ríkisstjórn hefur gert að sinni og gengur út á að skoða alla regluasetningu með gagnrýnum augum og þvert á ráðuneyti; þannig að einfalda megi regluverk; t.d. þannig að nokkurs konar öregluráðö hafi það hlutverk að yfirfara bæði lög og reglugerðir áður en til gildistöku kemur. Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í vinnuhóp um verkefnið og er litið til verkefnisins með opnum huga og jákvæðni. Markmið verkefnisins er betra og einfaldara regluverk (öbeter regulationö; ösmarter regulationö).

3. **Fjárhagsáætlun ársins 2014; endurskoðuð áætlun.**

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur falið heilbrigðisnefnd að endurskoða áætlun ársins 2014 þannig að framlög verði óbreytt frá árinu 2013. Tillaga að nýrri fjárhagsáætlun var kynnt og í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir auknum sértekjum og jafnframt er dregið úr kostnaði á þann hátt að framlag sveitarfélaga verður óbreytt frá árinu 2013; sjá meðfylgjandi fjárhagsáætlun og áætlaða kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna ársins 2014.

4. **HGH verk (Möl og sandur), Súluvegi 1, 600 Akureyri; fráveitumál.**

Bókun heilbrigðisnefndar:

Öheilbrigðisnefnd Norðurlands eystra getur ekki fallist á tillögu rekstraraðila þess efnis að þró innanhúss geti þjónað hlutverki rotþróar frá starfsmannaáðstöðu. Rökstyður nefndin ákvörðun sína með því að forsendur fyrir rekstri slíks mannvirkis eru ekki fyrir hendi, s.s. siturlögn og aðskilnaður húsa- og iðnaðarskólps.

Heilbrigðisnefnd vísar í bókun nefndarinnar frá 2. október 2013 og fer hér með fram á að losun óhreinsaðs skólps frá starfsmannaáðstöðu Malar og sands (HGH Verks) verði hætt nú þegar og viðunandi lausn fundin á málinu

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fyrirhugar að veita fyrirtækinu áminningu í samræmi við 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er fyrirtækinu veittur frestur til 20. nóvember nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Einnig íhugar heilbrigðisnefnd beitingu dagsekta frá og með 20. nóvember nk. í samræmi við 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir. Dagsektir verði 25.000.- krónur á dag þar til verki er að fullu lokið.

Heilbrigðisnefnd veur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Mól og sandi (HGH Verk ehf.) heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Heilbrigðisnefnd bendir jafnframt á að viðunandi áætlun um úrbætur varðandi skolun á tromlum steypubíla út í Glerá hefur ekki borist nefndinni, en frestur til þess að hætta slíkri losun var veittur til 1. desember nk.ö

5. **Orkey ehf, Njarðarnesi 10, 600 Akureyri; mörbræðsla; fráveitumál.**

Bókun heilbrigðisnefndar:

öHeilbrigðisnefnd Norðurlands eystra vísar í bókun nefndarinnar frá 2. október 2013 og fer fram á að mörbræðslu í húsnæði að Njarðarnesi 10 verði hætt hið fyrsta, þar sem ljóst þykir að nauðsynlegar úrbætur á mengunarvörnum eru ekki í sjónmáli. Fer nefndin fram á að mörbræðsla verði ekki hafin aftur í húsnæðinu fyrr en viðunandi mengunarvarnir hafa verið settar upp.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fyrirhugar að veita fyrirtækinu áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er fyrirtækinu veittur frestur til 25. nóvember nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heilbrigðisnefnd veur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Orkey ehf. heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.ö

6. **Útgerðarfélagið Hvammur, Hrísey, losun fiskúrgangs í sjó fram.**

Bókun heilbrigðisnefndar:

öHeilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki borist áætlun um úrbætur varðandi losun fiskúrgangs í sjó af völdum Útgerðarfélagins Hvamms, þrátt fyrir yfirlýsingar rekstraraðila þar að lútandi.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fyrirhugar að veita fyrirtækinu áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er fyrirtækinu veittur frestur til 25. nóvember nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heilbrigðisnefnd veur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Útgerðarfélaginu Hvammi heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.ö

7. **Molta ehf, staða mengunarvarna.**

Bókun heilbrigðisnefndar:

Öheilbrigðisnefnd Norðurlands eystra lýsir vonbrigðum með seinagang varðandi úrbætur á mengunarvörnum í jarðgerðarstöð Moltu ehf. á Þveráreyrum. Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að úrbótum verði hraðað; að öðrum kosti má búast við að nefndin afturkalli starfsleyfi Moltu ehf. á Þveráreyrum frá og með 1.febrúar 2014.ö

8. **Efnavörueftirlit; niðurfelling starfsleyfa.**

Skýrt var frá því að með gildistöku nýrra laga um efnavörur færast nokkur fyrirtæki frá eftirliti sveitarfélaga til eftirlits Umhverfisstofnunar og ber að fella úr gildi starfsleyfi þessara fyrirtækja. Markmið nýrra efnavörulaga er m.a. að færa eftirlit framár í aðfangakeðjuna. Einnig er gert ráð fyrir skipulögðum eftirlitsverkefnum með aðkomu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Starfsmönnum er falið að koma á framfæri tilkynningu um niðurfellingu á starfsleyfum þeirra fyrirtækja sem færast til Umhverfisstofnunar.

Umsagnir:

9. **Tillaga að deiliskipulagi með umhverfisskýrslu vegna sorpurðunarstaðar í Laugardal við Húsavík.**

Þorkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi með umhverfisskýrslu vegna urðunarstaðar í Laugardal við Húsavík. Hafsteinn Gunnarsson vék af fundi undir þessum lið.

10. **Deiliskipulag lóðarinnar við Ketilsbraut 22, Húsavík.**

Þorkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn vegna deiliskipulags lóðarinnar við Ketilsbraut 22, Húsavík; fyrirhuguð stækkun á hótél byggingu.

11. **Vinnubúðir Bjarnarflagsvirkjunar; deiliskipulag.**

Þorkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn vegna tímabundinna vinnubúða Bjarnarflagsvirkjunar (deiliskipulag); minnt er á helstu skilyrði skv. gildandi reglum.

12. **Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg og Hamra, Akureyri.**

Alfreð Schiöth og Þórey Agnarsdóttir kynntu jákvæða umsögn vegna deiliskipulags fyrir Kjarnaskóg og Hamra; minnt er á mikilvægi öryggis og slysavarna á svæðinu, m.a. vegna fjallahjólástígs.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Menningarmiðstöð Þingeyinga kt. 580880-0299 starfsleyfi fyrir samkomuhús þar sem engar veitingar eru framleiddar. Starfstöðvar þrjár: Húsavík, Grenjaðarstaður, Snartastaðir. **Samþykkt.**
2. Samgöngusafnið Ystafelli, kt., 681298-2909, Ystafelli Þingeyjarsveit. Starfsleyfi fyrir samkomuhús þar sem engar veitingar eru framleiddar. **Samþykkt.**
3. Ari Heiðmann Jósavinson, kt. 270278-3379, Miðhvammi Þingeyjarsveit starfsleyfi fyrir heimagistingu. **Samþykkt.**
4. Mývatn ehf, kt. 520491-1399 Skjólbrekka veitingastaður fl. V. Endurnýjun. **Samþykkt.**
5. Mývatn ehf, kt. 520491-1399 Kaffi-Sel veitingastaður fl II. Endurnýjun og breyting á nafni. **Samþykkt.**
6. Mývatn ehf, kt. 520491-1399 Sel-Hótel Mývatn fl. V. Endurnýjun. **Samþykkt.**
7. Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640, Félagsheimilið Breiðamýri, veitingastaður fl. Endurnýjun og nýr reskraraðili. **Samþykkt.**
8. Verslunar- og veitingastaðurinn Ásbyrgi, Ævar Ísak Sigurgeirsson, kt. 220861-5549, Ásbyrgii 671 Kópaskeri. Veitingastaður fl. 2. Endurnýjun. **Samþykkt.**
9. Ytra-Áland, Bjarnveig Skaftfelld, kt. 040745-1979. Ferðaþjónusta bænda, gististaður fl. III. Endurnýjun. **Samþykkt.**
10. Svalbarðshreppur, kt. 640269-1979, Svalbarðsskóli, gististaður fl. III. Endurnýjun. **Samþykkt.**
11. Fiskmarkaður Húsavíkur, kt.620302-2280, Hafnarstétt 27, Húsavík. Endurnýjun og flutningur á starfsemi. **Samþykkt.**
12. Maturinn 2013, kt. 561106-2230, Brekatúni 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna framleiðslu- og sölusýningar. **Samþykkt.**
13. Byggðasafnið Hvoll á Dalvík, kt. 620598-2089, v/Karlsrauðatorg, 620 Dalvík, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
14. Norðlenska ehf, umsókn um framlengingu á tímabundnu starfsleyfi vegna starfsstöðva á Akureyri og Húsavík. **Samþykkt til 6 mánaða.**

Önnur mál:

Skýrt var frá því að Matvælastofnun gerir kröfu um að mjólkurframleiðendur framvísi sýnaniðurstöðum á neysluvatni ár hvert. Til umræðu er að MS Akureyri veiti þessa þjónustu annað hvert ár (innra eftirlit) og að heilbrigðiseftirlitið taki eftir sem áður sýni annað hvert ár (opinbert eftirlit).

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.30

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Porkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinn Karlsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir